

Erindi til byggðaráðs Dalabyggðar vegna opunar á Vínlandssetri

Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu vegna covid 19 veirunnar, leggjum við rekstraraðilar Vínlandsseturs til að opunarhátíð setursins verði frestað um óákveðinn tíma.

Jafnframt leggjum við til að almenn opnun setursins verði ekki fyrr en 1. júní, þar sem rekstrarforsendur fram að því eru algjörlega óvissar og mestar líkur á því að tíminn fram til 1. júní mundi ekki gera annað en að éta upp það lausafé sem við höfum gert ráð fyrir.

Fjármögnun tækjakaupa gengur hægar en leit út fyrir, eðlilega, þar sem bankar halda að sér höndum, en tækin eru jú forsenda tekna af veitingasölu.

Líklegt er einnig að við munum þurfa að endurskoða að hluta hvaða starfsmenn við fáum til starfseminnar, í ljósi þess að heilu löndin eru lokuð sem stendur og enginn veit í rauninni hve lengi.

Sjáum við fyrir okkur að framkvæmdir muni samt halda áfram eftir áætlun og gætum við opnað fyrir hópa eða jafnvel opnað fyrir lausatraffík fyrr ef forsendur breytast, sé sýningin og húsnæðið tilbúið.

Mikilvægt er að ákvörðun um þetta liggi fyrir sem allra fyrst, þar sem við þurfum bæði að upplýsa starfsmenn og ferðaskrifstofur.

Fyrir hönd rekstraraðila

Bjarnheiður Jóhannsdóttir